

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2011


Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 311, um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Ríkisstafsmenn búa við það að réttindi þeirra og skyldur er ákvörðuð í lögum meðan aðrir launamenn, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða hjá sveitarfélögum semja um slíkt í kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Rétt er að minna á að í lögnum er ekki einungis fjallað um réttindi ríkisstafsmanna heldur einnig skyldur þeirra, sbr. 17. og 19. grein laganna.

Með vísan til þessa telur Bandalag háskólamanna ótækt að greiðar séu einhliða breytingar á ráðningarkjörum ríkisstafsmanna án þess að samráð sé haft við samtök þeirra og leggst þegar af þeirri forsendu gegn frumvarpi þessu.

Jafnframt leggst BHM gegn þeirri tillögu að stjórnarsýslulög skuli ekki gilda um uppsagnir starfsmanna ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bandalags háskólamanna



Stefán Aðalsteinsson.